

LÚR SMÍÐJUR 2016
SKRÁNING HAFIN Á
FACEBOOKSIÐU LÚR FESTIVAL

F.H. SKIPALAGSNEFNDAR LÚR-FESTIVAL
 LÚR-FESTIVAL Á FACEBOOK
 LÚR-FESTIVAL Á INSTAGRAM
 HEIMASÍÐA OKKAR:
[HTTP://LURFESTIVAL.WIX.COM/LURFESTIVAL](http://LURFESTIVAL.WIX.COM/LURFESTIVAL)



Umfjöllun um
Landsmót
UMFÍ 50+

– sjá bls. 4-5



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 9. júní 2016 · 22. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



 <p>HAMRABORG Hamraborg ehf • Hafnastræti 7 Sími 456 3166</p>	 <p>HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með hangikjöti og salati</p>	 <p>HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með roastbeef</p>	 <p>HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með kjúklingsalati</p>	 <p>HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með rækjum og eggjum</p>	<p><i>Alltaf nýsmurt</i></p>
---	--	---	--	--	------------------------------

Gunnar sýnir í Finnlandi

Myndlistarmaðurinn Gunnar Jónsson opnaði í vikunni sýningu í Finnlandi, í slagtogi við marga af fremstu myndlistarmönnum íslensku þjóðarinnar. Sýningin ber heitið *By Water - Icelandic Artists on the Shores of Finland* og er það listastofnunin Stiftelsen Pro Artibus í Finnlandi sem stendur að baki henni. Sýningin er stærsta sýning á íslenskri samtímalist sem sett hefur verið upp þar í landi og eiga listamenn á borð Rúrí og Finnboga Pétursson þar verk.

Sýningar verða opnaðar á tveimur stöðum í Helsinki og í tveimur galleríum í Tammisari, þar sem einnig verða sýnd útilistaverk. Verk Gunnars, *Merger*, verður sýnt í Gallery Elverket í Tammisari þar sem listamennirnir Olga Bergmann & Anna Hallin, Birgir Snæbjörn Birgisson og Ósk Vilhjálmstöðir sýna einnig.

Þema sýningarinnar er samband fólks og vatns og upphafspunkturinn áhrif vatns á íslenska menningu og samfélag, að



sjálfssögðu að sjó meðtöldum. Í umfjöllum um sýninguna segir að gott sé að nota hið hversdags-

lega stef – þörf mannkyns fyrir vatn, sem góðan upphafsreit til endurspeglunar á fjölbreyttu

landslagi og dýptar samtímalistar á Íslandi í dag.

annska@bb.is

Afmæli



Í tilefni af áttæðisafmæli Helga Árnasonar, þjóðum við vinum og vandamönnum að fagna með okkur í Alviðru laugardaginn 11. júní klukkan 16.

*Helgi Árnason
og fjölskylda*



Finnbogi Hermannsson

– Sjónarmið –

Eins og skófla í kálgarði

Það vorar vel hérna í Súgandafirði, sagði séra Halldór Kolbeins í stólræðu, þá nýorðinn prestur í Vestmannaeyjum þar sem hann var fyrst settur sóknarprestur árið 1938 og síðan skipaður ári seinna. Og það vorar líka vel í Súgandafirði á þessu vori sem og annars staðar um Vestfjörðu. Þá gleymist norðanþræsingurinn, Básaveðrin og Gjögaveðrin og öll þessi óumflýjanlegu vestfirsku veður þegar öskutunnur fjúka og bílar snúast og loftnet kikna undan rokinu. Þá koma þessir dýrlegu dagar eins og gerist í Hnífsdal og öll náttúran sameinast í einni hljómkviðu og maður situr ölvaður í kartöflugarði sínum og hrærist með. Meira að segja kötturinn Egill Indriði dosast í sólinni og leggst í útsæðiskassann hjá mér og nennir alls ekki að ganga á fuglahljóðin hið efra. Mesta lagi að hann brýni klærnar á trjástofnum þar sem þrestir brýna gogginn í toppum trjánna. Enda er hann alinn á kóngakattaræði sem heitir Royal Canin.

Margt fer um hugann í kyrrðinni í kartöflugarðinum. Endur-

minningar frá kartöflugarðum æskunnar fyrir sunnan. Kona ein kom að girðingunni hjá mér á Bakkaveginum og sagði undarlegt að ég Reykvíkingurinn væri svona mikill ræktunarmaður. Hún gætti ekki að því að Reykjavík var sveitaborg þegar ég var að alast upp. Þótti sjálf sagt að hver fjölskylda væri sjálfbær með kartöflur að minnsta kosti. Margir áttu fáeinar rollur til búdrýginda og fjós voru í íbúðahverfum fram eftir öllu. Hjörleifur bóndi Guðbrandsson átti einar tíu kýr niðri á Grettisgötu og rak þær á beit suður í Vatnsmýri sumar tímamann. Leiðin lá um Grettisgötu, Frakkastíg og suður Njarðargötu í hagann. Kýrnar drulluðu náttúrulega alla leiðina að heiman og heim og þótti ekki tiltökumál í sveitabornu Reykjavík.

En það voru kartöflurnar þegar kom fram í apríl var farið að láta spíra. Faðir minn smíðaði sérstaka kassa með löngum handföngum þar sem látið var spíra. Einn slíkur kassi hefur varðveist á Njálsgötu 27 þar sem ég ólst upp. Ég þarf að komast yfir þennan kassa og smíða fleiri. Kartöflugarðar okkar voru uppi í sumarbústað sem var í landi

Elliðakots í Mosfellssveit og seinna tilheyrði Kópavogi. Þar var jörð ófrjó og grýtt undan ísaldarjöklinum og stutt niður á kísillag grátt. Samt voru þarna starfræktir tveir kartöflugarðar sinn hvoru megin við blásinn mel. Og voru reyndar báðir á örlítið minna blásnum mel, sunnan og norðanímóti. Þessir garðar voru stungnir upp af eldmóði og tók afi okkar hann Finnbogi Finnbogason skipstjóri, lengst af á Skaftfellungi, fullan þátt í þessari akuryrkju þá orðinn sjötugur. Faðir okkar hann Hermann var ævinlega að hugsa út ráð til að létta okkur störf, enda orðinn húsgagnasmíðameistari. Hann komst yfir trollhlera af einhverjum togbáti og rak í gegnum hann spíkara sem voru sextommu naglar nýttir í bryggjumiði og fleiri stórvirki. Hann kafrak þetta gegnum trollhlerann sem var náttúrulega af tré á þessum tíma og þóttist þá hafa skapað öflugt herfi. En það þurfti ballest á trollhlerann og þar var afi nærtækastur áreiðanlega um 130 kíló. Settur var kassi á trollhlerann þar sem afi settist og síðan var trollhlerinn víraður við Bedfordinn þann fræga her-

bíl sem fjölskyldan keypti árið 1946. En með því að Beddinn var aðeins með drif á afturhjóllum þurfti hann tilhlaup til að koma hleranum af stað í flaginu. Við þann hnykk datt afi af baki og endasentist um kálgarðinn. Og við bræður Guðlaugur og ég hlógum okkur máttlausa af óförum gamla mannsins í flaginu. En áfram var haldið, afi okkar settist á kassann á trollhleranum á ný og garðurinn var að lokum fullherfaður.

Meðal amboða sem ég hafði með mér vestur fyrir fjeretiú árum var gaffal einn sem ætíð var samsamaður afa mínum. Þetta er svona gaffal sem er í vinkil og notaður er við kartöfluupptöku. Maður höggur honum niður í svörðinn og dregur kartöflugrasíð til sín. Þetta er af einhverjum ástæðum gaffallinn hans afa. Orðinn að minnsta kosti 70 ára gamall en ber aldurrinn vel.

Að stinga upp kartöflugarð er frekar hugarástand en vinna. Samt verður maður lúinn af vinnunni en ekki hugarástandinu. Hugurinn reikar ósjálfrátt út um víðan völl við jafn einhæft verk. Og um daginn skaust upp í hugann ljóðið hans Jóns úr Vör sem

heitir Heimsmynd, úr ljóðabókinni *Með örvalausum boga*, og er óður til hversdagsleikans: .

*Ég, hinn einfaldi góði
hversdagsmaður,
sem rækta minn litla skika
kringum mitt litla húsi,
trúi á hið eilífa blóð
byltingarinnar,
sem streymir frá kynslóð
til kynslóðar,
og byltir sérhverri byltingu,
eins og skófla í kálgarði,
eins og sól og regn.*

Farsælt að hafa þetta í huga þegar maður fæst daglega við smáu tókin eins og Oddur á Gili í Dýrafirði minnti oft á og var skáldyrðingur eins og Magnús Hjaltason kallaði sig, fyrirmyndin að Ólafi Kárasyni, sveitunga okkar á Vestfjörðum.

Eftirmáli:

Svo er mér sagt þessa dagana að ég hafi ásamt öðrum löndum mínum valdið hruninu mikla árið 2007 og á ekki einu sinni flatskjá.

Barið saman í Hnífsdal milli þess sem stungið var upp og potað niður vorið 2016.

Finnbogi Hermannsson

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Norðanfiskur Laxabitar
Með roði, frosnir



Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.



Bónus Pylsubrauð
260 g, 5 stk.

GOTT VERÐ Í BÓNUS



KS Lambahryggur
Frosinn, hálfur (lundapartur)



Bónus Samlokuskinka, 237 g



Bónus Kornbrauð
500 g



Pringles Snakk
40 g



Maryland Kex
145 g, 4 tegundir



Bónus Frostpinnar
12 stk. í pakka, 2 teg.



ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.



Egils Appelsín
500 ml



Gevalia Kaffibaunir
1 kg

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 12. júní eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Heilkenni freka karlsins

Það var hér um árið sem Jón Gnarr færði þessa tilfinningu í orð, þessa tilfinningu þegar manni finnst vera valtað yfir sig, þegar einhver gengur miklu lengra en eðlilegt getur talist, gengur eins langt og hann kemst, hættir ekki fyrr en einhver stöðvar hann. Freki karlinn getur svo sannarlega verið af báðum kynjum og því ósanngjarn að kyngreina hann sem karlmann þó sjálfsgagt megi geri því skóna að Freki karlinn í skilningi Jóns Gnarr sé oftast karlmaður, bara af því að karlmenn eru oftast í þeim aðstæðum að geta vaðið yfir aðra.

Freki karlinn er víða, hann er mjög oft úti að keyra og hann vísur aldrei við einbreiðar brýr, hann vísur heldur ekki í Vestfjarðagöngunum fyrr en í síðasta lagi, hann treðst fram fyrir ísröðina í Hamraborg og hann leggur í stæði fyrir Fatlaða. Freki karlinn er frekur í öllum aðstæðum, hann beitir ofbeldi þegar það á við, háði þegar það á við og lögin gilda bara um hina, ekki hann.

Freki karlinn fór mikinn í Hornvík á dögunum, sóðaði út, veiddi án leyfis og misnotaði neyðarskýli og honum finnst þetta bara í lagi. Nú ríður á að þessum freka karli verði settar skorður, honum sé gert ljóst að lög gilda um hann eins og aðra.

En Freki karlinn getur svo sannarlega gert meiri skaða en þetta, hann getur til dæmis rænt banka innanfrá, hann getur mokað út fjármunum inn á eigin reikninga á Tortólu og honum er sama hvort aðrir taki afleiðingunum. Gjaldþrot þjóðar skiptir engu máli fyrir Freka karlinn, bara ef hann getur mokað eigin krók. Okkur hefur gengið þokkalega að koma böndum á þessa gerð af Freka karlinum, þeir hafa fengið dóma en fljúga nú reyndar samt frjálssir um loftin blá!! Nú þarf að draga sjóðina frá Tortólu til baka til að greiða skuldirnar sem féllu á okkur vegna gjaldþrota búa sem virtust ekki eiga neinar eignir, þær voru í leyni á Tortólu og við þurfum að sækja þær.

Setjum skorður á Freka karlinn, hann þykist oft vera athafnasamur og ber sér á brjóst fyrir dugnað en við verðum að sjá við honum.

BS

Spurning vikunnar

Ferðast þú í sumarfríinu þínu?

Alls svöruðu 463.

Já, innanlands, sögðu 227 eða 54%

Já, erlendis, sögðu 109 eða 21%

Nei, verð bara heima, sögðu 63 eða 12%

Nei, fer ekki í sumarfrí, sögðu 64 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Umfjöllun um Landsmót UMFÍ 50+



Myndir: UMFÍ

Landsmót hafa verið eitt af flaggskipum Ungmennafélags Íslands um áraraðir. Fyrsta Landsmótið var haldið árið 1909 á Akureyri og síðan þá hafa þau verið haldin með reglulegu millibili í meira en hundrað ár. Árið 1992 var Unglingalandsmót UMFÍ haldið í fyrsta sinn en þau eru nú haldin á hverju ári um allt land. Það var svo árið 2011 að Landsmóti UMFÍ 50+ var hleypt af stokkunum og það mót verður nú haldið á Ísafirði dagana 10.–12. júní nk.

Pönnukökubakstur og bogfimi

Landsmót UMFÍ 50+ var kærkomin viðbót í landsmótsflóru UMFÍ en eins og nafnið bendir til þá eru mótin fyrir fólk 50 ára og eldri. Íþróttakeppnin skipar stærstan sess í dagskrá mótsins en keppt er í fjölda íþróttagreina, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna. Á Ísafirði verður keppt í Boccia, strandblaki, bogfimi, sundi, pönnukökubakstri, línudansi, golfi, skotfimi, bridge,

skák, frjálssípröttum, badminton, víðavangshlaupi, körfubolta, pútti, kajak, línubeitningu, netabætingu, ringó, þríþraut og stígvélakasti.

Keppt á eigin forsendum

Landsmót UMFÍ 50+ er öll um opið sem náð hafa 50 ára aldri. Engar kröfur eru gerðar um afrek á íþróttasviðinu eða ástundun. Þess í stað keppa allir í anda UMFÍ á eigin forsendum. Eins og fram hefur komið þá skipar íþróttakeppnin stærstan





sess á mótinu. Það er hinsvegar svo að keppendur fara með mismunandi hugarfari í keppnina sjálfa. Sumir koma til að vinna til verðlauna og leggja sig verulega fram en aðrir koma til að njóta félagsskaparins og taka þátt.

Það er mikilvægt að allir finni sinn takt og geti verið með á eigin forsendum á mótinu.

Hreyfing er góð fyrir alla

Æ fleiri eru farnir að huga að heilsu sinni. Enda er lýðheilsa eitt af stærstu málum samtímans. Fólk sem er komið yfir fimmtugt er margt í mjög góðu formi og líkamlegu góðu

ástandi, enda vitund fólks um mikilvægi þess að hreyfa sig og stunda heilbriggt lífveri meiri og almennari nú en áður.

Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði verður án efa skemmtilegt mót enda aðstæður allar á Ísafirði eins og best verður á kosið. En það er fleira á dagskránni en keppni. Boðið er upp á fjölbreytta afþreyingardagskrá þar sem allir geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi. Söguganga, danssýning, sundleikfimi og morgunskokk er meðal þess sem boðið er uppá auk skemmtikvölds í íþróttahúsinu á laugar-dagskvöldið. Skemmtikvöldið er öllum opið en boðið er upp

á fiskihlaðborð og að því loknu skemmtidagskrá og dansleik með hinum landsþekktu BG flokki.

Góða skemmtun í fallegum bæ

Mótssetningin verður á Silfurtorgi kl. 17:15 á föstudaginn og þangað eru allir velkomnir. Dagskrá mótsins verður vítt og breytt um bæjarfélagið en áætluð mótsslit eru kl. 14:00 á sunnudaginn 12. júní.

Mótshaldari mótsins er HSV. Skipuð var landsmótsnefnd á síðasta ári sem hefur unnið að skipulagningu mótsins en þessi nefnd hefur síðan fengið



til sín öfluga einstaklinga sem tóku að sér ákveðin verkefni er snúa að mótahaldinu. Fjöldi sjálfboðaliða kemur að mótahaldinu sjálfu og framkvæmd mótsins væri ekki möguleg án

aðkomu þeirra.

Mótið er handan við hornið og skemmtileg helgi framundan. Landsmót UMFÍ 50+ er við það að hefjast á Ísafirði, í fallegum bæ með ríka sögu.



ÍSAFJARÐARBÆR Atvinna

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
- Umhirða og eftirlit með svæðinu
- Viðhald tækjabúnaðar og viðgerðir
- Ráðningar og starfsmannastjórnun
- Markaðsmál
- Uppgjör og meðferð innkomufjár
- Gagnaskráning
- Skyndihjálp, aðstoð og flutningur slasaðra

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2016. Umsóknir skal senda til Herdísar Rósar Kjartansdóttur mannauðsstjóra í netfangið herdis@isafjordur.is.

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is



Sportið í beinni...

fimmtudagur 9. júní

18:00 Demantamótaröðin
19:30 Golf - PGA Tour
19:05 Víkingur R. - Valur
21:15 Borgunarbikarmörkin
22:30 Sumarmessan
23:30 Úrúgvæ - Venesúela

Copa America 2016

02:00 Mexíkó - Jamaíka

Copa America 2016

föstudagur 10. júní

19:30 Golf - PGA Tour

22:00 Sumarmessan

23:00 Chile - Bólvía

Copa America 2016

01:00 Clevel - Golden State:

01:30 Argentína - Panama

Copa America 2016

laugardagur 11. júní

13:55 F1: Æfing - Kanada

16:50 F1: Tímataka - Kanada

17:00 Golf - PGA Tour

18:00 Golf - LPGA Tour

22:00 Sumarmessan

23:00 Bandaríkin - Paragvæ

Copa America 2016

01:10 Kólumbía - Kosta Ríka

Copa America 2016

sunnudagur 12. júní

14:30 Leiknir R. - KA

17:00 Golf - PGA Tour

17:30 F1: Keppni - Kanada

20:30 Golf - LPGA Tour

22:00 Sumarmessan

22:30 Ekvador - Haítí

Copa America 2016

00:40 Brasilía - Perú

Copa America 2016

mánudagur 13. júní

22:00 Sumarmessan

00:00 Mexíkó - Venesúela

Copa America 2016

01:00 Úrslit NBA: Leikur 5

02:10 Úrúgvæ - Jamaíka

Copa America 2016

þriðjudagur 14. júní

22:00 Sumarmessan

00:00 Chile - Panama

Copa America 2016

02:10 Argentína - Bólvía

Copa America 2016

miðvikudagur 15. júní

17:30 ÍBV - Breiðablik

22:00 Sumarmessan

Helgarveðrið

Á fimmtudag og föstudag:

Austlæg átt og dálítill rigning
öðru hverju S- og V-lands, en
að mestu þurr á NA-verðu
landinu. Hiti 12 til 19 stig.

Á laugardag:

Norðaustlæg átt og dálítill
væta af og til um landið
S-vert, annars skýjað með
köflum. Kólnar í veðri.

Á sunnudag:

Austanátt, skýjað með
köflum og úrkomulítið.

Hiti 12 til 19 stig.

Krossgátan

					LOGA	FJÖRGAST	SKRIÐDÝR		ÚTDEILDI	ESPAST	SIGTAST
				FUGL							
				HÓPUR				SAMTÖK			
								HLJÓÐFÆRI			
				OFMETA							
				FRÁNN					VÖRU- MERKI		
									TALA		
	↓	PIRRA	Í RÖÐ	ÁTT				GÆTT			
				SKIL				FÁNI			
DANS						SKREF				ÁGÓÐI	KITLA
						FLÝTIR					
SPYR					ÆTÍÐ						
					GAS						
TVEIR EINS			LÆRA					KK NAFN			
			SAMSULL					LÆRLINGUR			
ÍSKUR				ÆTTGÖFGI					TVEIR EINS		
				RÉTT					TRÉ		
PUSA						ÚTDEILIR					
						KOMST					
		KARL						PLANTA			
		SETT						TÁLKN- BLÖÐ			
FYRST FÆDD					MJÓLKUR- VARA					ÍPRÓTTA- FÉLAG	NJÓLI
					ÁN						
AÐGÆTA			NÖLDRA					SAMTÖK			
			ÁI					NÆRA			
MAKA				MÁL MHÚÐA					ÓREIÐA		
				ÓNEFNDUR					RÓMVERSK TALA		
BRESTA						LYKTAR					
ÖTULL						STERKA					

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

			DÝR	AKA	ÖGN		FRÁ	TÖKRA- PULA	HYGGJA		
			HRISTAST	S	K	A	K	A	S	T	
			KIRNA	K	E	R	SLUNGINN AFSPURN	F	Æ	R	
			GLOPPU	E	Y	Ð	U	ÓREIDA KVARTA	R	Ú	
			FLAT- BYTNA	P	R	A	M	M	I	VERKFERI	
	↓	HEILAN	TVEIR EINS	ÁTT	N	A	JAXL FISKUR	T	Ö	N	N
SKEKKJA	H	A	L	L	A	GÆLUNAFN FLOTT	G	A	G	G	A
ÆVIKJÖLD	E	L	L	I	FJALL VARSLA	F	E	L	L	ÚRGANGUR	F
Á FÆTI	I	L	EFTI HVIÐA	T	VÍÐ	ÓPP- HRÖPUN ÚTMÁ	A	H	A		
DRAUP	L	A	SÁLAR FAGNA	A	N	D	A	TVEIR EINS GUMS	R	R	
NASL	S	N	A	K	K	FISKA BEITA	A	F	L	A	SEMJA
	U	SYKRA FRÍ	S	Æ	T	A	DÓMS MÁLA	M	A	T	S
FÍNT	G	O	T	T	GÖN MIKILL	G	L	Á	P	VILJI	K
ÓP	Æ	R	HÓFDÝR STEFNA	A	S	N	I	SVELGUR	V	Ó	Á
SLENGJAST	S	L	Á	S	T	HEITI	T	I	T	I	L
HAPP- DRÆTTI	L	O	T	T	Ó	HLUTDEILD	A	Ð	I	L	D
HINN SEINNI	A	F	T	A	R	I	BÁRA	A	L	D	A

Sudoku þrautir

7	4		6	9				2
	2		1					7
8	5		4					
	9			2				
3	6	4				2	8	9
	8				4		5	3
9				1	7			
2					9			7
			8		6	9	2	

6	3	1						
7		9	5		1			3
2	4		8		9		7	1
5	2			9	3	7		
	6						8	5
	7				5	2	4	9
		7		1		9	6	4
4		2		5	6	8		
8		6			7			



Fisherman opnar eftir breytingar

Fisherman á Suðureyri endur-opnaði um síðustu helgi veitingahús fyrirtækisins undir nýju nafni Fisherman Kitchen og við það tilefni var veitingahúsið endurinnréttað eins og má sjá á meðfylgjandi mynd. „Veitingahúsið hefur það að markmiði

að bjóða gestum að upplifa staðbundinn mat úr þorpinu til að aðstoða gesti að upplifa sjávarþorpið Suðureyri í mat og drykk“ segir Elías Guðmundsson framkvæmdastjóri Fisherman. Veitingahúsið er opið alla daga fram í september en síðan er opið

fyrir hópa í vetur. Fisherman fagnaði 15 ára afmæli um áramótin og í tilefni áfangans er unnið að breytingum á vörumerki Fisherman ásamt endurbótum á hótél og veitingaþjónustu fyrirtækisins.

Dagar Íslands

- 9. júní 1880:** Hornsteinn var lagður að Alþingishúsinu við Austurvöll. Húsið var tekið í notkun 1. júlí 1881.
- 10. júní 1977:** Apple fyrirtækið setti fyrstu Apple II tölvuna í sölu.
- 12. júní 1942:** Anna Frank fékk dagbók í afmælisgjöf.
- 13. júní 1941:** Sigurður Jónsson forstjóri bauð ríkinu Bessastaði „til þess að vera bústaður æðsta valdsmanns íslenska ríkisins“ og var boðinu tekið þann 18. júní.
- 14. júní 1789:** Viský var í fyrsta sinn bruggað úr maís af séra Elijah Craig. Nafn sitt fær drykkurinn af heimili hans, Bourbon.

Þjónustu- auglýsingar

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær úþing sjávarauðlinda
[Image of a fishing boat on the water]

NIVEA

AAAAhhh

EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN

NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR **SEM KÆLIR**

